

# Sóknaráætlun Vestfjarða - 2021

Árleg greinargerð Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands  
Vestfirðinga um framkvæmd samnings um sóknaráætlun  
Vestfjarða 2020-2024

## Efnisyfirlit

<b><i>Inngangur</i></b> .....	<b>3</b>
<b>1. Mat á árangri sóknaráætlunar</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Fjárframlög til samningsins</b> .....	<b>5</b>
Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2021 .....	5
Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2021.....	5
<b>3. Samráðsvettvangur</b> .....	<b>6</b>
Tafla 3: Skiptan Fulltrúa í samráðsvettvang .....	6
<b>4. Áhersluverkefni</b> .....	<b>7</b>
Áhersluverkefni 2021 .....	7
Tafla 4: Áhersluverkefni 2021 .....	7
Vestfjarðaleiðin.....	7
Samfélagssáttmáli í fiskeldi .....	8
Sýnilegri Vestfirðir .....	8
Nýsköpun og samfélagsmiðstöðvar .....	8
Visit Westfjords .....	8
<b>5. Uppbyggingarsjóður</b> .....	<b>9</b>
Áherslur ársins 2021 .....	9
Fagráð og úthlutunarnefnd.....	9
Úthlutun og styrkir árið 2021 .....	11
Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir/styrki árið 2021 .....	11
Tafla 6: Atvinnugreinaflokkun umsókna .....	13
Tafla 7: Atvinnugreinaflokkun styrkja .....	14
Fyrirmyndarverkefni árið 2021 .....	14
Vöruhönnun úr Bjarnfirskum kirsuberjum.....	14
Tungumálatöfrar .....	14
<b>6. Lokaorð</b> .....	<b>15</b>
<b>7. Undirritun og staðfesting</b> .....	<b>16</b>
<b>8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum</b> .....	<b>17</b>

## Inngangur

Ný Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu þann 21. október 2019. Áætlunin var síðan kynnt á 4.Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 25. og 26. október sama ár. Vinnan við gerð Sóknaráætlunar stóð yfir frá vordögum 2019 og var mikil áhersla lögð á víðtækt samráð við íbúa og aðra hagaðila. Ætla má að vel á þriðja hundrað manns hafið komið að gerð áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki.

Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Sóknaráætlun Vestfjarða er áætlað að stuða að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í þeirri framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Á árinu 2022 verður tímabil sóknaráætlunar hálfnað og miðað var í upphafi að þá fari fram endurskoðun áætlunarinnar. Greind verður staða á árangri af fyrri hluta tímabils og breytingum á forsendum sem settar voru við upphaf hennar. Greining verður svo sett til grundvallar umræðu um endurskoðun á markmiðum áætlunarinnar og viðfangsefnum hennar á seinni hluta áætlunartímabilsins.

## 1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Árið 2021 var um margt líkt og árið 2020 undir áhrifum heimsfaraldurs Covid19. Þó var meiri virkni í verkefnum sem styrkt voru af Uppbyggingarsjóði og í áhersluverkefnum, enda lögðust verkefni ársins 2021 saman við verkefni sem frestað var á árinu 2020. Stjórnvöld ákváðu einnig að draga ekki alfarið úr sértækum framlögum vegna heimsfaraldurs heldur veita 100 mkr umfram samninga til verkefna Sóknaráætlana, en á árinu 2020 voru veittar 200 mkr í sama tilgangi.

Heildarframlög til Sóknaráætlunar Vestfjarða námu rúmlega 110 mkr, sem að frádregnum rekstrakostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Í áhersluverkefnum var framhald af stuðningi við markaðssetningu ferðaþjónustu, atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum og nýsköpunar og samfélagsmiðstöðvar. Nýtt áhersluverkefni var sett af stað um gerð samfélagssáttmála sveitarfélaga í kringum um þróun og uppbyggingu fiskeldis.

Styrkir Uppbyggingarsjóðs gengu til fjölbreyttra verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar. Ferlum við mat og úthlutun styrkja var breytt á árinu með starfi tveggja fagráða í menningu og nýsköpun og atvinnuþróun sem meta gæði umsókna fyrir úthlutunarnefnd. Þetta nýja fyrirkomulag gekk vel og er komið til að vera.

Ný úthlutunarnefnd fjallaði einnig um stöðu Uppbyggingarsjóðs og hvernig hann gæti betur sinnt hlutverki sínu. Á lokafundi í desember var samþykkt eftirfarandi bókun.

*„Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða lýsir áhyggjum af því að fjármagn til Uppbyggingarsjóðs hafi ekki hækkað um margra ára skeið og endurspeglar ekki verðlagshækkunarir og gefi ekki færi á neinni uppbyggingu til dæmis í menningarlífi svæðisins. Takmarkað fé til stofn- og rekstrarstyrkja gefur ekki færi á að nýjar menningarstofnanir, söfn eða sýningar geti orðið til eða að eðlileg þróun geti orðið í menningarlífi svæðisins“ .*

## 2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2021 var kr.110.065.437,- Samkvæmt samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis leggja sveitarfélög á Vestfjörðum árlega kr. 9.900.000,- til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024. Framlagið er tilgreint sem áhersluverkefni í menningarmálum og er bundið við stöðugildi menningarfulltrúa. Framlagið er því utan skiptingu grunnframlags sem kemur frá ráðuneytum.

**Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2021**

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	110,065,437
Viðaukasamningar	0
Framlög sveitarfélaga	9,900,000
Önnur framlög	0
Flutt frá fyrra ári	0
Vaxtatekjur	0
<b>Samtals</b>	<b>119,965,437</b>

**Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2021**

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	50,473,963
Uppbyggingarsjóður	41,600,000
Stofn- og rekstrarstyrkir	17,000,000
Viðaukasamningar	0
Umsýsla	10,891,474
Óráðstafað 2021	
<b>Samtals</b>	<b>119,965,437</b>

### 3. Samráðsvettvangur

Sveitarfélögin lögðu til aðila til að sitja í samráðsvettvanginum, en ekki hefur reynst auðvelt að manna samráðsvettvang síðustu ár og átti það einnig við um árið 2021. Sveitarfélögin tilgreindu einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi en sum minni sveitarfélögunna náðu þó ekki því viðmiði.

Nokkrar mannabreytingar hafa orðið frá upphaflegri skipan eins og eðlilegt hlýtur að teljast í svo stórum hópi. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarða samanstendur í dag af 31 einstaklingum úr þeim 9 sveitarfélögum sem eru á Vestfjörðum.

Þar sem aðstæður í samfélaginu buðu ekki upp á annað var notaður rafrænn samráðsvettvangur og notast var við Betra Ísland og stofnaður hópur þar inni sem er ekki sýnilegur öðrum. Fyrirkomulagið virkar vel, en þó þarf enn að vinna að því til að fá fólk til að nota kerfið.

**Tafla 3: Skiptan Fulltrúa í samráðsvettvang**

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið		Strandabyggð		25-39 ára	1	Karlar	1
Atvinnulífið		Vesturb/Tálknaf/Ísaf/Bol/ Súðavík		40-60 ára	4	Karlar	4
Menningarlífið		Vesturb/Bolunav/Súðavík		25-39 ára	3	Konur	3
Menningarlífið		Strandab/Tálknafj		40-60 ára	2	Konur	2
Fræðasamfélag		Tálknafjörður		25-39 ára	1	Konur	1
Fræðasamfélag		Strandab/Vesturb/Ísafj/Tálknafj		40-60 ára	5	Konur	5
Fræðasamfélag		Súðavíkurhreppur		40-60 ára	2	Karlar	2
Kjörnir fulltrúar		Bolungarvík/Reykholahr/Kaldranan		25-39 ára	5	Konur	5
Kjörnir fulltrúar		Bolungarvík		40-60 ára	3	Karlar	3
Kjörnir fulltrúar		Ísafjörður		40-60 ára	4	Konur	4
Kjörnir fulltrúar		Árneshreppur		> 60 ára	1	Kona	1
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>Samtals</b>	<b>31</b>

## 4. Áhersluverkefni

### Áhersluverkefni 2021

Áhersluverkefni eru þróunarverkefni, sem unnin eru af starfsmönnum Vestfjarðastofu eða öðrum einstaklingum eða stofnunum á svæðinu sem hafa gert samning við Vestfjarðastofu um verkefni. Verkefni eru fjármögnuð sem hluti af Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og skulu áhersluverkefni taka tillit til áherslna og markmiða hennar.

Tafla 4: Áhersluverkefni 2021

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)			Markmið	Tímabil
	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals		
Vestfjarðaleiðin	6,000,000	6,225,000	12,225,000	Þróun ferðaleiðarinnar Vestfjarðaleiðin sem liggur um Vestfirðir og Dali.	2020-2022
Samfélagssáttmáli í fiskeldi	14,173,963	2,500,000	16,673,963	Samfélagssáttmáli milli sveitarfélaga, ríkis og fyrirtækja um uppbyggingu innviða og hagsmunamála vegna fiskeldis á Vestfjörðum	2021
Sýnilegri Vestfirðir	7,500,000	5,500,000	13,000,000	Standa að 2-3 viðburðum/aðgerðum á ári sem stuðla að auknum sýnileika Vestfjarða sem fjárfestingakosti og til búsetu.	2020-2022
Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar	7,000,000	2,000,000	9,000,000	Stuðla að uppbyggingu nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva á Vestfjörðum	2020-2022
Visit Westfjords	5,900,000		5,900,000	Að sinna beinni erlendri markaðssetningu á vestfirskri ferðaþjónustu, með vinnustofum, kynningum, blaðamanna-ferðum og samfélagsmiðlum	2020-2022
	40,573,963	16,225,000	56,798,963		

### Vestfjarðaleiðin

Þróun ferðaleiðarinnar Vestfjarðaleiðin sem liggur um Vestfirðir og Dali. Unnið hefur verið með breska ráðgjafafyrirtækinu Blue Sail að þróun ferðaleiðarinnar og vinnukistu fyrir aðildarfyrirtæki. Einnig er unnið með almannatengslaskrifstofunni Cohn og Wolfe að mörkun og markaðsaðgerðum í tengslum við verkefnið. Vegna Covid-19 hefur röðun verkþátta breyst að einhverju leiti. Árið 2021 var nýtt til að vinna að nýrri heimasíðu, og gerð markaðsefnis.

## Samfélagssáttmáli í fiskeldi

Verkefnið snýst um að gera samfélagssáttmála milli sveitarfélaga, ríkis og fyrirtækja um uppbyggingu innviða og hagsmunamál er varða fiskeldi á Vestfjörðum. Sáttmálinn hefur verið undirritaður og er búið að kynna niðurstöður þeirrar greiningarvinnu sem þegar hefur verið unnin ásamt framkvæmdaáætlun um næstu skref.

Fiskeldisfundur var haldinn 20. september 2021 á Patreksfirði þar sem mættu um 80 fundargestir og á Ísafirði 21. september 2021 og voru þar einnig um 80 fundargestir ásamt um 40 manns sem hlustuðu á í streymi.

Nú þegar er hafin vinna við að kynna áherslur sveitafélaganna fyrir stjórnvöldum og stofnunum er málið varðar.

## Sýnilegri Vestfirðir

Verkefnið er til þriggja ára. Verkefnið er hugsað sem framhald verkefnisins „Vestfirðingar – Almannatengsl“ sem var áhersluverkefni árið 2018. Á verkefnatímanum verða haldnir amk. tveir stórir viðburðir á ári til að auka sýnileika svæðisins miðað við tiltekna markhópa. Áherslur verða áfram lagðar á Vestfirðingar- sögur sem en á árinu 2020 verður sjónum beint að fyrirtækjum á svæðinu. Framsetning og miðlun efnis um Vestfirði skiptir miklu máli og hér er horft til þess að miðla efni um fjárfestingar á Vestfjörðum og láta vinna greiningar sem styðja við málflutning svæðisins um mikilvæg mál.

## Nýsköpun og samfélagsmiðstöðvar

Stofnaður var sjóður sem Vestfjarðastofa sér um þar sem tíu milljónir eru í boði fyrir nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum. Úthlutun var auglýst á vefsíðu Vestfjarðastofu og vefmiðlum á Vestfjörðum.

## Visit Westfjords

Verkefnið snýr að almennri markaðssetningu Vestfjarða sem áfangastað ferðamanna. Markmið verkefnisins er að sinna beinni erlendri markaðssetningu á vestfirskri ferðaþjónustu með vinnustofum, kynningum, blaðamannaferðum og samfélagsmiðlum. Verkpættir Visit Westfjords eru í grunninn árlegir en vegna covid hefur vinnustofum verið frestað og fundir að mestu leyti verið fjárfundir. Á meðan hefur verið lögð áhersla á starfræna markaðssetningu. Vegna stöðunnar var lögð sérstök áhersla á innanlandsmarkaðs og var keyrð sumarherferð undir merkjum Keyrðu kjálkann. En jafnframt var undirbúin vetrarherferð undir merkjum Vestur í vetur sem ekki var hægt að setja í loftið vegna samkomutakmarkanna. Verkefnið Visit Westfjords er í grunninn til að auka sýnileika Vestfjarða og til að sinna almennu markaðsstarfi sem ekki er fjármagnað með öðrum hætti.



## 5. Uppbyggingarsjóður

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkti á 31. fundi þann 27. október 2020 ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2021. Sú úthlutun var með umsóknarfresti til 12. nóvember og hafa aldrei borist jafn margar umsóknir, en alls bárust sjóðnum 154 umsóknir upp á 260.134.240 kr.

### Áherslur ársins 2021

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, stuðla að vöruþróun og hönnun, verkefni sem mynda atvinnutækifæri og auka fagmennsku á sviði lista og menningar, verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu og síðast en ekki síst verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi.

Við úthlutun til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna var sérstaklega litið til:

- a) Verkefna sem auka hagnýtingu á stafrænni tækni
- b) Verkefna sem stuðla að vöruþróun, nýsköpun eða innleiðingu hönnunar í starfandi fyrirtækjum.
- c) Verkefni sem efla umhverfisvæna ímynd Vestfjarða, stuðla að sjálfbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum
- d) Verkefni sem hyggjast sækja um í alþjóðlega samkeppnissjóði.

Við úthlutun til menningarverkefna verður sérstaklega litið til:

- a) Verkefna sem efla samstarf á milli svæða á Vestfjörðum.
- b) Verkefna sem skapa störf innan skapandi greina.
- c) Verkefna sem efla menningarlega fjölbreytni.

### Fagráð og úthlutunarnefnd

Á 65. Haust Fjórðungspingi Vestfirðinga var tillaga varðandi fagráð og úthlutunar lagt fram og eftirfarandi samþykkt. Árið 2021 var fyrsta starfsár með þessu nýja fyrirkomulagi og gekk vel. Fagráð meta gæði umsókna og leggja tillögu fyrir úthlutunarnefnd um styrkhæf verkefni, úthlutunarnefnd tekur tillögur fagráða og ákveður styrkfjárhæð.

Þeir sem sátu í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2021 voru:

#### Fagráð menningar

##### Aðalmenn

Smári Haraldsson, Ísafjarðarbæ  
Svanhvít Skjaldardóttir, Vesturbyggð  
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Reykhólum  
Elísabet Haraldsdóttir, utan svæðis, formaður

##### Varamenn

Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvík  
Davíð Rúnar Gunnarsson, Vesturbyggð  
Hrafnhildur Skúladóttir Strandabyggð  
Bjarni Snæbjörnsson, utan svæðis

## **Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar**

### Aðalmenn

Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Vesturbyggð  
Viktoría Rán Ólafsdóttir, Strandabyggð  
Hólmfríður Einarsdóttir, utan svæðis, formaður

### Varamenn

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík  
Sigurður Viggósson, Vesturbyggð  
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólar  
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

## **Úthlutunarnefnd**

### Aðalmenn

Kristján Þór Kristjánsson Ísafjarðarbæ, formaður  
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð  
Arnlín Óladóttir, Kaldrananeshreppi  
Elísabet Haraldsdóttir, formaður fagráðs menningar  
Hólmfríður Einarsdóttir, formaður fagráðs nýsköpunar

### Varamenn

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvík  
Ingibjörg Jóna Nóadóttir, Tálknafirði  
Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólum  
Bjarni Snæbjörnsson, utan svæðis  
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

## Úthlutun og styrkir árið 2021

Eins og fram hefur komið var met í umsóknum árið 2021, með 154 umsóknir upp á 260.134.240 kr.

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með því að prenta fjórblöðung sem var dreift inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum. Einnig var umsóknarfrestur kynntur á samfélagsmiðlum, á vef Vestfjarðastofu og með vefborða á BB.is.

**Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir/styrki árið 2021**

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	154
Heildarfjárhæð sem sótt var um	260.137.240
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	53
Árangurshlutfall umsókna	34.4%
Heildarupphæð styrkja	48.000.000
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	20
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	30
Fjöldi styrkja hærri en 2,5 m.kr.	3
Áætlaður fjöldi ársverka	36

Fimm umsóknir frá árinu 2020 fengu styrki til tveggja ára og teljast þær því með styrkjum ársins 2021 en 53 nýjar umsóknir voru samþykktar. Samtals var því samþykkt að veita 58 verkefnum styrk árið 2021 en heildarupphæð úthlutunar fyrir árið 2021 var 58.600.000 kr.

Allir sem sóttu um í sjóðinn fengu senda niðurstöðu í tölvupósti þann 14. desember en fundir úthlutunarnefndar fór fram 9. og 10. desember 2020.

### Stofn- og rekstrarstyrkir:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupphæð
Rekstur Edinborgarhússins	Edinborgarhúsið ehf	3.000.000
Galdrasýning	Strandagaldur ses	2.750.000
Skrímflasetrið	Valdimar Smári Gunnarsson	2.750.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Sauðfjársetur á Ströndum	2.000.000
Melrakkasetur Íslands	Melrakkasetur Íslands	2.000.000
Listasafn Samúels	Sögumiðlun ehf	1.500.000
Kómedíuleikhúsið	Kómedíuleikhúsið	1.000.000
Báta- og hlunninasýningin	Báta- og hlunninasýn Reykh	1.000.000
Hversdagssafnið	Skóbúðin hversdagssafn ehf	1.000.000
	Alls	17.000.000

### Verkefnisstyrkir til menningarmála:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
Skjaldborg	Heimildamyndahátíðin Skjaldborg	1.600.000
Viðburðir í Edinborgarhúsinu	Menningarmiðstöðin Edinborg	1.500.000
Aldrei fór ég suður, tónlistarhátíð	Aldrei fór ég suður, félagasamtök	1.500.000
Act alone 2021 á mörkunum	Act alone, félagasamtök	1.500.000
Tungumálatöfrar	Tungumálatöfrar, félagasamtök	1.300.000
Náttúrugripasafn í Bolungarvík	Náttúrustofa Vestfjarða	1.000.000
Í garðinum hjá Láru, útitónleikar	Pétur Albert Sigurðsson	750.000
Hvítabjarnasamstarfið	Sauðfjársetur á Ströndum	750.000
Nr 4 Umhverfing	Jón Sigurpálsson	750.000
Viðburðir norðan Djúps	Sögumiðlun ehf	600.000
Blús milli fjalls og fjöru	Blús milli fjalls og fjöru, félag	600.000
Menningar- og viðburðadagskrá	FLAK ehf	500.000
Flakið, kvikmynd	Lýður Árnason	500.000
Álagablettir, síðari hluti	Sauðfjársetur á Ströndum	500.000
Opera 2022	Tónlistarskóli Ísafjarðar	500.000
Hljóðleiðsögn á Hnjóti	Minjasafn Egils Ólafssonar	500.000
Skúlptúraslóð á Hólmavík	Arnkátla - lista- og menningarfélag	300.000
Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	300.000
Uppsetning á leikverki	Kómedíuleikhúsið,	300.000
Útisýning um grásleppuveiðar	Grásleppu- og nytjasetur Stranda, fél	300.000
1. F. Chopin Tónlistarhátíðin á Ísafirði	Fryderic Chopin Tónlistarfélagið á Ísl.	300.000
KOLEFNI Vísindi listanna	Kol og salt ehf	300.000
Listastaður - creative place for everyone	Jagoda Wolnik	300.000
Gönguleiðir og náttúruskoðun á Vestfj.	Henry John Fletcher	250.000
Bach, Schubert og Spohr	Herdís Anna Jónasdóttir	200.000
Þjóðleikur	Leikfélag Hólmavíkur	200.000
	Alls	17.100.000

### Verkefnisstyrkir til atvinnubrúunar- og nýsköpunarmála

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
Sjávarböð á Reykhólum	Sjávarsmiðjan ehf	2.000.000
Framleiðsla áfengra drykkja úr mysu	Arna ehf	2.000.000
Skíðagöngubærinn	Hótel Ísafjörður	1.750.000
Góðmeti	FLAK ehf	1.700.000
Salmon on Seaweed	Jake Maruli Thompson	1.500.000
Náttúrubarnahátíð og Náttúrubarnaskóli	Sauðfjársetur á Ströndum ses	1.500.000
Snjóflóðasafnið á Flateyri	Bræðurnir Eyjólfsson ehf	1.500.000
Kraftur úr Hafinu	Jamie Lai Boon Lee	1.500.000
Sjálfbærni - alla leið	Ævintýradalurinn ehf	1.000.000
Hönnun á vistvænum gjafaumbúðum	Dokkan brugghús ehf	1.000.000

<b>Endurhönnun og staðsetning vörumerkis</b>	Fiskvinnslan Hrefna ehf	1.000.000
<b>Bambahús á Vestfjörðum</b>	Bambahús ehf.	1.000.000
<b>With Love, from Iceland</b>	Jamie Lai Boon Lee	1.000.000
<b>Siglingar við norðanverðan Breiðafjörð</b>	Norðankaldi slf	1.000.000
<b>Vöruhönnun úr Bjarnfirskum kirsuberjum</b>	Anna Björg Þórarinsdóttir	750.000
<b>Þróun, nýsköpun og framtíðarsýn</b>	True Westfjords	750.000
<b>Hönnun umhverfisvænna umbúða</b>	Húsavíkurbúið	750.000
<b>Færastangir</b>	Jón Hafþór Marteinsson	600.000
<b>Bleikjueldi á bújörð</b>	Eldi og umhverfi ehf	500.000
<b>Örlaganótt: Könnun á raunhæfni</b>	Katrín Guðjónsdóttir	500.000
<b>Umhverfismál á heimavelli</b>	Samtök atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum	500.000
<b>Ice Biltong</b>	Víkingur Sindri Ólafsson	400.000
<b>Sýslid.is, auðkenni og markaðsefni</b>	Ásta Þórisdóttir	300.000
	Alls	24.500.000

**Tafla 6: Atvinnugreinaflokkun umsókna**

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi
<b>Umsóknir</b>	
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Annað	7
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Ferðaþjónusta	15
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Iðnaður	2
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Landbúnaður	2
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Matvæli	17
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Rannsóknir/Þróun/Fræðsla	10
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Skapandi greinar	11
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Verslun/Þjónusta	1
Menningarstyrkur - Annað	4
Menningarstyrkur - Blönduð menningardagskrá	8
Menningarstyrkur - Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	6
Menningarstyrkur - Fræðsla/Námskeið	9
Menningarstyrkur - Kvikmyndalist	3
Menningarstyrkur - Leiklist og aðrar sviðslistir	8
Menningarstyrkur - Lifthönnun	3
Menningarstyrkur - Menningararfur/Safnamál	8
Menningarstyrkur - Menningartengd ferðaþjónusta	8
Menningarstyrkur - Myndlist/Ljósmyndalist	10
Menningarstyrkur - Tónlist	10
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Rekstrarstyrkur	7
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofn-og rekstrarstyrkur	5
<b>Samtals</b>	<b>154</b>

## Tafla 7: Atvinnugreinaflokkun styrkja

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi
<b>Veittir styrkir</b>	
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Annað	1
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Ferðaþjónusta	4
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Iðnaður	1
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Landbúnaður	1
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Matvæli	10
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Rannsóknir/Þróun/Fræðsla	1
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Skapandi greinar	4
Menningarstyrkur - Blönduð menningardagskrá	3
Menningarstyrkur - Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	1
Menningarstyrkur - Fræðsla/Námskeið	1
Menningarstyrkur - Kvikmyndalist	1
Menningarstyrkur - Leiklist og aðrar sviðslistir	4
Menningarstyrkur - Listhönnun	1
Menningarstyrkur - Menningararfur/Safnamál	4
Menningarstyrkur - Menningartengd ferðaþjónusta	1
Menningarstyrkur - Myndlist/Ljósmyndalist	2
Menningarstyrkur - Tónlist	5
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Rekstrarstyrkur	5
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofn- og rekstrarstyrkur	3
<b>Samtals</b>	<b>53</b>

## Fyrirmyndarverkefni árið 2021

### Vöruhönnun úr Bjarnfirskum kirsuberjum

Á Svanshóli í Bjarnafirði á Ströndum eru ræktuð lífræn kirsuber sem eru algjört sælgæti. Sérstaða verkefnisins byggir á staðsetningu og umgjörð ræktunar, en markmið þessa verkefnis er vöruþróun og vöruhönnun á afurðum kirsuberja og annara ávaxta. Markmiðið er að svara eftirspurn neytenda eftir fjölbreyttari vörutegundum með framleiðslu og framsetningu á fleiri fullunnum vörum úr þessu sérstaka hráefni, samhliða því að skapa störf og tekjur fyrir heimamenn.



### Tungumálatöfrar

Tungumálatöfrar eru áhugafélag um fjöltyngi og fjölmenningu sem stendur árlega fyrir íslenskunámskeiði með listsköpun og leik fyrir börn og unglunga. Í þróun eru sumarþúðir fyrir unglíngastigið í samstarfi við Lýðskólann á Flateyri. Í tengslum við námskeiðið stendur félagið fyrir málþingi á Ísafirði og rannsóknarsamstarfi við prófessorsembættið á Hrafnseyri og Árna-stofnun. Töfragangan er bæjarhátíð í lok námskeiðsins og er hátíðin opin öllum.

## 6. Lokaorð

Áhrif heimsfaraldurs Covid 19, höfðu veruleg áhrif á framgang verkefna sem nutu stuðnings Sóknaráætlunar Vestfjarða. Verkefni sem höfðu að markmiði að bjóða til mannfagnaða var mikið til frestað til ársins 2022 og vænst er að þau komist til framkvæmda á því ári.

Tíðrætt hefur verið vöntun á hækkun framlaga til sóknaráætlana landshluta, fjármálaáætlun gerir m.a. ráð fyrir lækkun framlaga til ársins 2025 og óljóst hvað tekur við eftir þann tíma. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir að taka til baka aukafjárveitingu sem kom inn á árinu 2021. Stjórnvöld brugðust við ábendingum landshlutasamtaka drógu tillöguna til baka við afgreiðslu fjárlaga.

Við endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða á árinu 2022 þarf að kalla eftir auknu fjármagni ella verður að fella niður eða draga verulega úr þeim verkefnum sem Sóknaráætlun Vestfjarða hefur stutt til þessa.

## 7. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði og Hólmavík, 10. mars 2022

Aðalsteinn Óskarsson, sviðstjóri

Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri

Skúli Gautason, menningarfulltrúi



## 8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

### Tafla 1. Heildarfjárhæð samnings 2021

*Framlög ríkisins:* Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

*Viðaukasamningar:* Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

*Framlög sveitarfélaga:* Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

*Önnur framlög:* Önnur framlög til samningsins, ef við á.

*Flutt frá fyrra ári:* Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2021 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2022, ef við á.

*Vaxtatekjur:* Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2021 (sbr. ákvæði samningsins).

*Heildarupphæð:* Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

### Tafla 2. Ráðstöfun fjárfamlaga 2021

*Áhersluverkefni:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

*Uppbyggingarsjóður:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

*Stofn- og rekstrarstyrkir:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

*Viðaukasamningar:* Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

*Umsýsla:* Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

*Óráðstafað 2021:* Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2021, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

### Tafla 3. Samráðsvettvangur

*Bakgrunnur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

*Búseta fulltrúa:* Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

*Aldur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

*Kyn fulltrúa:* Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

### Tafla 4. Áhersluverkefni

*Heiti verkefnis:* Þarfnast ekki skýringa.

*Framlag úr sóknaráætlun:* Þarfnast ekki skýringa.

*Mótframlag:* Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

*Markmið:* Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

*Tímabil:* Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

### Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

*Fjöldi umsókna:* Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

*Heildarupphæð sem sótt var um:* Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

*Fjöldi styrkja:* Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Árangurshlutfall umsókna:* Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

*Heildarupphæð styrkja:* Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Fjöldi verkefna undir 500 þús.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Áætlaður fjöldi ársverka:* Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með mótframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mann mánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e.  $173,3 \times 2 = 346,7$  klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk ( $2080/2 = 1040$  klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

### **Töflur 6 og 7. Atvinnugreinaflokkun**

Í töflu 6 er annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og í töflu 7 er hins vegar beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum